167. fundur
leikskólanefndar
haldinn á Digranesvegi 1, Fífuhvammur 1. hæð,
fimmtudaginn 5. desember 2024 og hófst hann kl. 17:00

Fundinn sátu:
Matthías Páll Imsland var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir, Hannes Þ. Hafstein Þorvaldsson, Jóhanna Pálsdóttir, Sigrún Bjarnadóttir, Hreiðar Oddsson, Eva Sjöfn Helgadóttir, Sigríður Kristín Sigurðardóttir, Ólafur Evert Úlfsson, Heiða Björk Þórbergsdóttir, Erla Stefanía Magnúsdóttir, Anna Birna Snæbjörnsdóttir og Sigrún Hulda Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Sigrún Hulda Jónsdóttir, deildarstjóri Leikskóla

Sigrún Bjarnadóttir stýrði fundi.

Dagskrá:

1. 22114511 - Menntasvið-Starfshópur um starfsumhverfi leikskóla

   Kynning á niðurstöðum starfsmanna- og foreldrakönnunar í leikskólum Kópavogs sem framkvæmd var í sumar 2024 á vegum Prósent.

   Jakob Sindri Þórsson sérfræðingur kynnti niðurstöður starfsmanna- og foreldrakönnunar sem gerð var í leikskólum Kópavogs á vegum Prósent og Kópavogsbæjar sumarið 2024.

2. 24033177 - Rannsókn um gjaldfrjálsan leikskóla HA

   Lagt fram til kynningar.

   Leikskólanefnd þakkar Svövu Björgu Mörk fyrir greinagóða kynningu.

4. 2205813 - Starfsáætlun Aðalþings 2024 -2025

   Starfsáætlun leikskólans Aðalþings fyrir skólaárið 2024 - 2025 lögð fram til samþykktar.

   Leikskólanefnd samþykkir starfsáætlun leikskólans Aðalþings fyrir skólaárið 2024-2025.

5. 2204669 - Starfsáætlun Efstahjalla 2024 - 2025

   Starfsáætlun leikskólans Efstahjalla fyrir skólaárið 2024 - 2025 lögð fram til samþykktar.

   Leikskólanefnd samþykkir starfsáætlun leikskólans Efstahjalla fyrir skólaárið 2024-2025. Leikskólanefnd vill koma á framfæri þökkum fyrir greinagóða umsögn foreldraráðs.

6. 2204673 - Starfsáætlun Furugrundar 2024-2025

   Starfsáætlun leikskólans Furugrundar fyrir skólaárið 2024 - 2025 lögð fram til samþykktar.

   Leikskólanefnd samþykkir starfsáætlun leikskólans Furugrundar fyrir skólaárið

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

2024-2025 með fyrirvara um að umsögn foreldraráðs berist.

7. 2205815 - Starfsáætlun Grænatúns 2024-2025

Starfsáætlun leikskólans Grænatúns fyrir skólaárið 2024 - 2025 lögð fram til samþykktar.

Leikskólanefnd samþykkir starfsáætlun leikskólans Grænatúns fyrir skólaárið 2024-2025 með fyrirvara um að umsögn foreldraráðs berist.

8. 220426357 - Starfsáætlun Kópasteins 2024 - 2025

Starfsáætlun leikskólans Kópasteins fyrir skólaárið 2024 - 2025 lögð fram til samþykktar með fyrirvara um að umsögn foreldraráðs berist.

Leikskólanefnd samþykkir starfsáætlun leikskólans Kópasteins fyrir skólaárið 2024-2025 með fyrirvara um að umsögn foreldraráðs berist.

9. 220426361 - Starfsáætlun Lækjar 2024-2025

Starfsáætlun leikskólans Lækjar fyrir skólaárið 2024 - 2025 lögð fram til samþykktar.

Leikskólanefnd samþykkir starfsáætlun leikskólans Lækjar fyrir skólaárið 2024-2025.

10. 2212389 - Starfsáætlun Yls 2024-2025

Starfsáætlun leikskólans Yls fyrir skólaárið 2024 - 2025 lögð fram til samþykktar.

Leikskólanefnd samþykkir starfsáætlun leikskólans Yls fyrir skólaárið 2024-2025með fyrirvara um að umsögn foreldraráðs berist.

11. 2412337 - Erindi frá formanni leikskólanefndar

"Ég undirritaður hef óskað eftir að hætta sem formaður leikskólanefndar í Kópavogi. Á þessum tímapunkti vil ég þó þakka starfsmönnum menntasviðs og nefndarmönnum í leikskólanefnd fyrir samstarfið. Það hefur náðst ótrúlegur árangur í að bæta aðstöðu barna og starfsmanna leikskóla Kópavogs með kerfisbreytingum og breyttri nálgun. Ég vil sérstaklega þakka fyrir hvað allt starf í nefndinni hefur verið faglegt og algjör pólitísk samstaða hefur verið um þær breytingar sem hefur þurft að fara í. Nefndarmenn hafa allir sem einn nálgast verkefnið að heilindum með sameiginlega sýn á að auka vellíðan barna og gæði faglega starfsins í leikskólunum. "
Matthías Imsland

Leikskólanefnd þakkar fyrir vænlegt og gott samstarf. Við óskum Matthíasi góðs gengis, það verður eftirsjá af honum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:15.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026